157 20. okt. — *Brjef* landshöfðingja *til beggja amtmanna um* fyrirkomulag reikninga fyrir tekjum landssjóðs. — Eptir að hafa skrifazt á við endurskoðanda hinna sjerstöku reikninga fyrir tekjum landssjóðs um fyrirkomulag þessara reikninga, vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir lögreglustjóra þá, er undir yður eru skipaðir það, sem nú segir:

A. Hinir sjerstöku reikningar skulu vera

1. Manntalsreikningur.
2. Aukatekjureikningur.
3. Tollreikningur.

I. *Manntalsreikninginn* skal gjöra eptir þessari fyrirmynd:

Tekjugreinir.	Upphæðir.		Fylgiskjöl.	Hvenær og hvernig afgreitt í landssjóð.	Afgreitt upp í												Samtals afgreitt í landssjóð.	
					ábúðar og lausafj.skatt.		húsaskatt.		tekjuskatt.		spítalagjald.		nafnbótaskatt.		óvissar tekjur.			
	kr.	a.			kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a
Ábúðar og lausafj.skatt.																		
a, af ábúð	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
b, af lausafje	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Húsaskattur	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Tekjuskattur:																		
a, af eign	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
b, af atvinnu	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Spítalagjald:																		
a, af alls konar fiski	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
b, af fuglatekju . . .	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Nafnbótaskattur . . .	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Óvissar tekjur	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Samtals	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»

Það vottast, að á árinu frá 1. janúar til 31. desbr. . . . hafi landssjóðnum eigi hlotnazt í lögsagnarumdœmi sýslu (kaupstaðar) fleiri tekjur af ábúðar og lausafjárskatti, húsaskatti, tekjuskatti, spítalagjaldi, nafnbótaskatti og óvissum tekjum en þær, sem taldar eru að ofan

Lögreglustjórinn í sýslu (kaupstað) d. mán. 18 . .»

Reikningi þessum skulu fylgja eptirnefndar skilagreinir:

a, fyrir *ábúðar og lausafjárskatti,* lagaða sem næst eptir þeirri skilagrein, sem áður var gjörð fyrir konungstíundinni. En sem sönnunarskjöl eiga að fylgja eptirrit eptir framtalsskýrslunum úr hinum einstöku hreppum, sbr. 1. fyrirmynd við hreppstjórareglugjörð 29. apríl þ. á. (stjórnartíð. B. 68).

b, fyrir *húsaskatti* á hverjum verzlunarstað og í hverjum hreppi lögsagnarumdœmisins, og eiga að fylgja þessum reikningi skrár yfir hinar einstöku húseignir, virðingarverð þeirra og þinglýstar veðskuldir samkvæmt reglugjörð 15. maí 1878 (stjórnartíðindi B. 58).

c, fyrir *eignarskatti og atvinnuskatti* í hverjum hreppi lögsagnarumdœmisins, og eiga að fylgja þessari skilagrein skattskrárnar frá hinum einstöku sveitarskattanefndum með athugasemdum þeim og leiðrjettingum, er yfirskattanefndin hefir fundið tilefni til að gjöra, sbr. reglugjörð 15. maí 1878 (stjórnartíð. B. 57). 157 20. okt.

d, fyrir *spítalagjaldi* úr hverjum hreppi lögsagnarumdœmisins, og eiga hjer með að fylgja skrár hreppstjóra um sjáfarafla og fuglatekju, sbr. 4. fyrirmynd við reglugjörð 29. apríl 1880 (stjórnartíðindi B. 68).

e. fyrir *nafnbótaskatti og óvissum tekjum,* og eiga hin sömu skilríki, og áður hafa verið fyrirskipuð, að fylgja þessari skilagrein, en hafi engar slíkar tekjur átt sjer stað, kemur í stað skilagreinarinnar vottorð lögreglustjóra um það.

II. Í *aukatekjureikningnum* skal gjöra grein fyrir aukatekjum, vitagjaldi, erfðafjárskatti og fasteignarsölugjaldi samkvæmt fyrirmælum reglugjörðar 25. maí 1878 (stjórnartíð. A. 5) sbr. landshöfðingjabrjef 29. nóvbr. s. á. (stjórnartíð. B. 176).

III. *Tollreikninginn* skal semja eptir þessari fyrirmynd:

Komudagur skipsins.	Nafn skipsins.	Nafn skipstjóra.	Fylgiskjöl.	Öl og vínföng. Aðflutt. Allskonar öl. pt.	Brennivín eða vínandi: Með 8° styrkleika eða minna. pt.	Yfir 8° og allt að 12°. pt.	Yfir 12°. pt.	Rauða- og messuvín. pt.	Allskonar önnur vínföng. pt. fl.	Upphæð öl- og vínfangatollsins. kr. a.	Tóbak. Aðflutt. Vindlar. hndr.	Allskonar annað tóbak. pnd.	Upphæð tóbakstollsins. kr. a.	Hvenær og hvernig afgreitt í landssjóð.	Afgreitt upp í öl og vínfangatoll. kr. a.	tóbakstoll. kr. a.	Tolltekjur samtals. kr. a.
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»

Það vottast, að frá 1. janúar til 31. desbr. ár hafi í lögsagnarumdœmi sýslu (kaupstað) engar aðrar eða fleiri tolltekjur en þær, sem að ofan eru taldar, fallið í landssjóð hvorki af aðfluttum vörum nje af skipströndum, reka eða því um líku.

Lögreglustjórinn í sýslu (kaupstað) d. mán. 18

og eiga að fylgja honum skilríki þau, sem fyrirskipuð eru í 2. gr. umburðarbrjefs 13. apríl 1872 og í auglýsingu frá 16. febr. 1876 (stjórnartíð. A 12).

B. Í öllum reikningum fyrir tekjum landssjóðsins skal reikningssemjandi, eptir að hinar einstöku tekjuupphæðir hafa verið taldar, votta, að landssjóðnum hafi viðkomandi ár ekki hlotnazt fleiri af þesskonar tekjum, er rœðir um í reikningnum, en þær, er þar eru taldar.

157 20. okt. Allir reikningarnir og skilagreinirnar við manntalsreikninginn eiga að vera tvírita∂ar. Sönnunarskjölin við reikningana mega þar á móti vera einrituð.

C. Í reikningana skal að eins rita tekjur þær, er landssjóðnum hafa hlotnazt á reikningsári því, er rœðir um; en rita skal þær í reikninginn án tillits til þess, hvort þær hafi verið greiddar eða enn þá standi úti óborgaðar, og á að því, er snertir slíkar eptirstöðvar að fylgja reikningnum skýrsla um, hvað gjört hafi verið til að ná þeim inn sbr. fyrirmyndina við umburðarbrjef 16. maí 1876 (stjórnartíð. B. 51).

Þar á móti má ekki rita í reikninginn eptirstöðvar frá fyrri árum eða fullnœging á reikningsúrskurðum, en fyrir þessu verður að gjöra sjerstaka grein, þegar upphæðirnar eru greiddar annaðhvort með peningum í jarðabókarsjóðinn eða með ávísun í aðalríkissjóðinn.

D. Loksins vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir öllum reikningshöldurum, er undir yður eru skipaðir, eða bæði fyrir umboðsmönnum þjóðjarða og lögreglustjórum, að þeim beri að fara nákvæmlega eptir fyrirmælum reglugjörðar 13. febr. 1873 og umburðarbrjefs 16. maí 1876 (stjórnartíð. B. 51), að því er snertir borgun í landssjóð á fje því, er þeir innheimta.

Einkum má ekki eptirleiðis koma fyrir sú óregla, er hingað til hefir átt sèr stað af hálfu einstakra reikningshaldara, að þeir hafa frestað þangað til, að þeir sömdu viðkomandi reikning að afgreiða í landssjóð gjöld þau, er þeim höfðu verið borguð, sjer í lagi ber reikningshöldurum að sjá um, að ávísanir fyrir innskrifuðum gjöldum verði gefnar út og sendar hingað sem allra fyrst eptir, að innskriptin hefir átt sjer stað. En skyldi nokkur dráttur verða á þessu, mun reikningshaldarinn sœta ábyrgð fyrir vanskil. Enn fremur er brýnt fyrir reikningshöldurum, að þeir eigi í hvert sinn, er þeir senda peninga eða ávísun upp í tekjur landssjóðs *nákvæmlega* að tilgreina, upp í hverjar tekjur þeir vilji, að hið greidda eða ávísaða fje gangi, og verða skýrslur þessar að koma nákvæmlega heim við það, er síðan verður ritað í reikninginn um þetta.

158 21. okt. — *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* prentun fyrir hið opinbera. — Eptir að jeg 12. þ. m. hefi meðtekið álit stiptsyfirvaldanna um brjef Einars prentara Þórðarsonar, þar sem hann ber sig upp undan því, að skólaskýrslan 1879—1880 hafi verið prentuð í prentsmiðju Ísafoldar, þótt hann ætli, að kaupsamningur sá, er gjörður var við hann, þegar hann samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 keypti landsprentsmiðjuna, veiti honum rjett til að prenta þetta rit, — vil jeg hjer með tjá stiptsyfirvöldunum það, er hjer greiuir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Einari Þórðarsyni.

Í 4. gr. kaupsamnings þess, er hjer rœðir um, er það tekið fram með berum orðum, að kaupandanum er ekki veittur neinn einkarjettur, til að prenta fyrir hið opinbera, heldur einungis rjettur til þess, fremur öðrum, að framkvæma slík prentstörf, svo framarlega sem hann vill takast þau á hendur fyrir sömu borgun, og að öðru leyti með jafngóðum kostum fyrir hið opinbera, sjer í lagi að því er snertir flýti og vandvirkni, sem bjóðast kynni af einhverri annari prentsmiðju hjer í bœnum. Hvað rit það snertir, er hjer liggur fyrir, sjest, að eptir að skólaskýrslan um árið 1878—79 hafði verið prentuð í Ísafoldar prentsmiðju, bauðst Einar prentari Þórðarson til að prenta hana það ár, er hjer rœðir um, fyrir hjer um bil 6 kr. minna, en hún fjekkst prentuð fyrir hjá Ísafoldar prentsmiðju. Rektor spurði Einar þar á eptir brjeflega meðal annars, hvort hann vildi fyrir þetta verð taka að sjer að prenta skýrsluna með sama letri (þ. e. með ekki